

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 7. október 2021
UST202109-240/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 - 2030 og nýtt deiliskipulag - Njarðvíkurhöfn suðursvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 – 2030 og nýju deiliskipulagi fyrir Njarðvíkurhöfn suðursvæði í Reykjanesbæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að athafnasvæði skipasmíðastöðvarinnar mun stækka með landfyllingu á suðursvæði um allt að 1,5 ha og að þar verði til nýr viðlegukantur. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir nýrri þurrkví og grafinn verður út aðkomuskurður. Einnig segir að nýr sjóvarnargarður er gerður syðst í höfninni, en þar er einnig gert ráð fyrir nýjum viðlegukanti. Höfnin verði dýpkuð til að mæta nýjum þörfum. Auk þess kemur fram að deiliskipulagssvæðið er um 8,7 ha og nær til suðursvæðis hafnarinnar. Meginmarkmið verkefnisins er að gera svæðið að skilvirku, öruggu og aðlaðandi vinnusvæði sem hefur svigrúm til að taka á móti fyrirhugaðri uppbyggingu og vaxa og eflast sem miðstöð þjónustu við sjávarútveginn.

Landfylling og leyfi

Í greinargerð kemur fram áætluð efnispörf landfyllingar um 272.000 m³. Auk þess kemur fram að í landfyllinguna væri hægt að nýta 123.000 m³ af efni úr dýpkun og uppúrtekt.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvað annað efni er fengið við gerð landfyllingar og brimvarnargarða.

Miðað við framkvæmdalýsinguna verður um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins og 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt, nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að fylgja upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.¹

¹ https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis_des2016.pdf

Dýpkunarefni og mengun

Þar sem fram kemur í greinargerð að nýta á dýpkunarefni að hluta í landfyllingar bendir Umhverfisstofnun á að sumt af því efni (dýpkunarefni) sem tekið er upp getur verið mengað af þungmálmum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum.

Vegna fyrirhugaðra dýpkunarframkvæmda í Njarðvíkurhöfn þá vill Umhverfisstofnun benda á skýrsluna „*Greiningar á falskyni (imposex) og styrk lífrænna tinsambanda í nákuðungum (Nucella lapillus) við Ísland árið 2018*“². Um er að ræða vöktunarverkefni sem fer fram á 5 ára fresti og er hluti af ICES/OSPAR umhverfisvöktun Umhverfisstofnunar við Ísland. Niðurstöður skýrslunnar sýndu að styrkur tríbútýltins (TBT) var mjög hár (12 ug/kg þurrvigti) í Njarðvíkurhöfn í samanburði við aðra sýnatökustaði (tafla 2). Tríbútýltín (TBT) var lengi notað í botnmálningu skipa til að hindra vöxt gróðurs og lífvera. TBT getur valdið eitrun í lífverum og hefur styrkur TBT einnig áhrif á myndun falskyns (VDSI; Vas Deferens Sequence Index) hjá kvenkyns nákuðungum en tegundin er afar viðkvæm fyrir slíkri mengun. VDSI er skipt í 7 stig þar sem stig 0 gefur til kynna engin áhrif og stig 5 og 6 mest áhrif. VDSI stig nákuðungs í Njarðvíkurhöfn var 4,11 (tafla 1).

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um ofangreind atriði í umhverfismatsskýrslu til að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, þar sem meðferð dýpkunarefna getur haft neikvæð áhrif á lífríki.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

² [Greiningar á falskyni \(imposex\) og styrk lífrænna tinsambanda í nákuðungum \(Nucella lapillus\) við Ísland árið 2018](#)